

Aðalfundur Íslendingafélagsins í Osló

Ólafíustofu 10. apríl 2015 kl. 18:00

Formaður, María Matthíasdóttir, býður fundargesti velkomna og leggur til að Steinunn Lilja Ólafsdóttir verði fundarstjóri og Jónína Margrét Arnórsdóttir fundarritari. Það er samþykkt.

1. **Skýrsla stjórnar** flutt af formanni MM (sjá skýrslu) og skýrsla húsnefndar flutt af formanni húsnefndar SLÓ.

Skýrslurnar samþykktar

2. **Fjárhagsáætlun og ársreikningar** lagður fram. (Gjaldkerinn Guðmundur Ásmundsson fjarverandi svo formaður MM lagði þá fram.)

Lagt er til að fresta afgreiðslu á ársreikningi til aukaaðalfundar þar sem reikningar bárust ekki í tæka tíða til að endurskoðendur reikninga gætu farið yfir þá. Eins bárust engar skýringar með þeim.

Tillagan er samþykkt af fundarmönnum.

3. **Ársgjöld næsta árs ákveðin**

Formaður MM leggur til að þau haldist óbreytt, þ.e. 220 fyrir einstakling og 300 fyrir fjölskyldur.

Smá umræða varð um þetta og hugmyndir um hvort ekki þyrfti að reyna að gera það meira aðlaðandi að vera félagi, þ.e. að fólk fengi eitthvað fyrir snúð sinn.

Tillaga formanns samþykkt.

4. **Stjórnarkjör**

Frestað til aukaaðalfundar þar sem einungis 1 framboð barst til stjórnar.

5. **Kjör í fastanefndir**

Frestað til aukaaðalfundar þar sem ekki hafa borist framboð nema til húsnefndar.

6. **Skoðunarmenn reikninga kjörnir**

Kjósa þarf 1 skoðunarmann en ekkert framboð barst og er því kjörinu frestað til aukaaðalfundar

7. **Önnur mál**

Framtíð félagsins

Erfitt hefur verið að fá fólk til starfa með félaginu. Það er rekið af örfáum einstaklingum. Það gefur augaleið að ekki er hægt að halda starfseminni uppi með þessum hætti.

Ef ekki koma framboð í stjórn og nefndir þá mun félagið fara í lágmarksstarfssemi.

Íslendingahúsið í Norefjell mun standa undir sínu en ekki verður hægt að halda þorablót,

17. júní hátíðarhöld, jólaball né aðra viðburði. Eins mun félagið ekki geta staðið við gerða samninga um messukaffi fyrir söfnuðinn.

Ákveðið er að halda aukaaðalfund mánudaginn 11. maí kl. 20:00 á sama stað.
Fundir slitið kl. 19:00

sign. Jónína M Arnórsdóttir
fundarritari